



Skútustaðahreppur

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

13. apríl 2017 – Pistill nr. 11

Þá er dymbilvika runnin upp og nóg um að vera í Mývatnssveit um páskana að vanda, hér mun menningin blómstra og hvet ég Mývetninga til að fjölmenna á þessa viðburði.

Ég hef áður lýst fyrsta degi mínum sem sveitarstjóri í Mývatnssveit með þeim hætti að ég hafi lent inn í auga hvirfilbyls. Þennan eftirminilega dag féll úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um Kröflulínu 4 þar sem framkvæmdaleyfið var fellt úr gildi. Þetta var í aðdraganda alþingis-kosninga og miklir hagsmunir í húfi og mikið fjölmiðlafár brast á. Hart var þrýst á að gefa strax út nýtt framkvæmdaleyfi en sveitarstjórn tók strax af skarið með því að taka þann tíma sem þurfti í að vinna málið að nýju og stillti upp verkefnisáætlun sem unnið var eftir. Notast var við úrskurðinn sem nokkurs konar leiðarvísi sem tók mið af nýjum náttúruverndarlögum. Í ljós kom að nokkrir annmarkar voru á fyrri framkvæmdaleyfi og því þurfti að vanda vel til verka. Sveitarstjórn gaf út nýtt framkvæmdaleyfi tveimur vikum síðar sem var ítarlega rökstutt. Framkvæmdaleyfið var aftur kært til úrskurðarnefndarinnar með stöðvunarkröfu. Úrskurðarnefndin hafnaði fljótlega stöðvunarkröfunni og í síðustu viku barst úrskurður þar sem nefndin hafnar öllum efnisatriðum kærunnar frá



Í íþróttamiðstöðinni er boðið upp á opna tíma á laugardögum fyrir yngstu íbúa Skútustaðahrepps. Njóta þeir mikilla vinsælda.

Landvernd og Fjöreggi. „[E]r það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að ekki verði séð að fyrir liggi þeir form- eða efnisannmarkar á undirbúningi og töku hinnar kærðu ákvörðunar

sem leiða eigi til ógildingar hennar. Verður kröfu kæranda þar um því hafnað," segir í úrskurðinum. Fékk þessi úrskurður ekki eins mikla fjömiðlaathygli og sá fyrri.

Þetta ferli var afar lærdómsríkt, ekki bara fyrir Skútustaðahrepp heldur væntanlega einnig fyrir önnur sveitarfélög sem standa í svipuðum sporum. Sérstaklega vil ég hrósa sveitarstjórn hvernig hún tókst á við afar vandasant og erfitt verkefni af auðmýkt.



Breytingar á opnunartíma gámasvæðisins

Breytingar hafa verið gerðar á opnunartíma á nýja gámasvæðinu á Grímsstöðum sem hér segir:

Miðvikudaga frá kl. 15:00-16:00.

Laugardaga frá kl. 10:00-12:00.

Nýr opnunartími tekur gildi frá og með laugardeginum 15. apríl. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Er áhugi fyrir stofnun ungmennaráðs?

Sveitarstjórn hefur ákveðið að kanna áhuga á að stofna ungmennaráð. Samkvæmt Æskulýðslögum ber sveitastjórnnum að hlutast til um að stofnuð séu sérstök ungmennaráð. Hlutverk ráðsins er m.a. að vera sveitastjórnnum

til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnirnar sjálfar eiga síðan að setja sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráðið.

Hrós dagsins – Laufey Sigurðardóttir

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit er nú haldin í 20. sinn. Laufey Sigurðardóttir hefur stýrt þessu með miklum myndarbrag frá upphafi. Sérstök ástæða er til að hrósa Laufeyju fyrir hennar ómetanlega framlag til menningarmála í Mývatnssveit, í að bjóða upp á tónlistarfólk í fremstu röð. Nú er það sjálfur Kristinn Sigmundsson bassasöngvari sem verður aðalgestur hátíðarinnar ásamt öðru góðu tónlistarfólki.

Kammertónleikar verða í félagsheimilinu Skjólbrekku í dag skírdag kl. 20:00. Tónleikar með hátíðaryfirbragði verða í Reykjahlíðarkirkju föstudaginn langa 14. apríl kl. 21:00. Flytjendur eru Kristinn Sigmundsson, Laufey Sigurðardóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir og Domenico Godispoti ásamt mývetnskum gestum, þeim Stefáni Jakobssyni og Margréti Hildi Egilsdóttur. Miðasala við innganginn.

Vel er mætt til vinafundar - Sýning á ljósmyndum séra Arnar í Skjólbrekku

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps í samvinnu við Menningarfélagið Gjallanda, Ljósmyndasafn Þingeyinga og með góðfúslegu leyfi aðstandenda stendur fyrir ljósmyndasýningu á gömlum ljósmyndum sem séra Örn Friðriksson tók í sveitinni í gamla og eldgamla daga. Starfsmenn Safnahússins hafa valið úr ljósmyndir sem verður varpað upp á tjald. Á þessari sýningu eru einkum myndir af fólki úr sveitinni og eitthvað verður af öðrum merkismyndum í bland. Ljósmyndasafn séra

Arnar er varðveitt á Ljósmyndasafni Þingeyinga í Safnahúsinu á Húsavík þar sem nýlokið er við að skanna safnið og tölvuskrá.

Dagskráin verður í Félagsheimilinu Skjólbrekku laugardaginn 15. apríl og hefst klukkan 15:00 stundvíslega. Heitt verður á könnunni og Kvenfélag Mývatnssveitar sér um smá meðlæti. Ungmennafélagsandinn mun svífa yfir og allt um kring og það má grípa glímutök eða jafnvel bresta í söng. Gestum í sal gefst kostur á gagnkvæmu spjalli og spurningum til þeirra sem stjórna myndasýningunni. Að lokinni dagskrá er velkomið að sitja áfram um stund því maður er jú manns gaman.

Aðgangseyrir er 1.000 kr. fyrir 13 ára og eldri, ekki verður posi á staðnum.

Þetta er upplagt tækifæri til að hittast og rifja upp liðna tíð og eiga stund með frændfólki og sveitungum.



Frá fundi heilbrigðiseftirlitsins með sveitarstjórn og Umhverfisstofnun á dögnum.

Enn og aftur af fráveitumálum

Staða fráveitumála hefur verið fastur dagskrárliður á fundum sveitarstjórnar að undanfögnu. Þar er bókað um framvindu mála en sveitarfélagið hefur ítrekað haft frumkvæði gagnvart stjórnvöldum og öðrum opinberum

aðilum að fá ríkisvaldið að borðinu. Á fundi sveitarstjórnar í gær var eftirfarandi bókað: Í kjölfar kröfu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um tímasetta úrbótáætlun í fráveitumálum fyrir þéttbýlin í Reykjahlíð og á Skútustöðum, var orðið við ósk sveitarstjórnar um fund með heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun. Á fundinum ítrekaði sveitarstjórn það fyrirheit að leggja fram úrbótaáætlun fyrir tilgreindan tíma en með þeim fyrirvara að hún verði algjörlega háð fjármögnun frá ríkisvaldinu. Í kjölfar fundarins, funduðu áðurgreindir aðilar með rekstraraðilum sem heilbrigðiseftirlitið hafði gert sambærilegar kröfur til.

Sveitarstjórn fundaði jafnframt með rekstraraðilum í kjölfar fundanna með heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun. Á þeim fundi var ákveðið að halda fræðslu- og upplýsingafund um fráveitumál fyrir sveitarstjórn og rekstraraðila 8. maí. Í tengslum við þann fund hefur verið óskað eftir að umhverfis- og auðlindaráðherra eða fulltrúi ráðuneytisins verði með erindi á fundinum þar sem fjallað verði um aðkomu ríkisvaldsins að fráveitumálunum. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti liggja öll endanleg gögn fyrir og komið að formlegri ákvörðun um fjárveitingu, sem liggur hjá ráðherra. Af þeirri ástæðu hefur sveitarstjórn óskað sem fyrst eftir fundi um málið með umhverfis- og auðlindaráðherra. Þá vinnur skipulagsnefnd að nýju deiliskipulagi fyrir Reykjahlíðarþorp með tilliti til fráveitumannvirkja. Sérfræðingur á vegum Eflu sat fund nefndarinnar þann 27. mars s.l. og gerði grein fyrir hugmyndum að fráveitukerfi í þéttbýlinu í Reykjahlíð auk þess að kynna nýútkomna skýrslu um fráveitumál í Mývatnssveit. Næsta skref er að vinna

sambærilegt deiliskipulag fyrir þéttbýliskjarnann Skútustaði.

Sveitarstjóri, formaður skipulagsnefndar og skipulags- og byggingafulltrúi funduðu með Norðurorku í síðustu viku um hugsanlega aðkomu að rekstri veitna í Skútustaðahreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fara í formlegar viðræður við Norðurorku um málið, með fyrirvara um aðkomu ríkisvaldsins með fjármögnun þegar kemur að fráveitumálum.

Stefna Skútustaðahrepps vegna gistiheimila og hótela í þéttbýli

Sveitarstjórn hafnaði erindi frá eiganda Helluhrauns 13 sem sótti um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II (gististaður án veitinga) enda samrýmist þessi starfsemi, sala gistingar í flokki II, ekki gildandi deiliskipulagi þéttbýlis í Reykjahlíð sbr. kafla 4.10 í greinargerð en þar segir: „Innan skipulagssvæðisins verður ekki heimilt að reka gistiheimili eða hótél á íbúðarlóðum. Sala á gistingu er einungis leyfileg í formi heimagistingar þar sem heimilismaður/fjölskylda hefur fasta búsetu og lögheimili í íbúðinni/húsinu, sem nýtt er undir starfseminna.“

Með nýtilkominni reglugerðarbreytingu um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016, eru heimagistingu nú settar þrengri skorður en áður. Sveitarstjórn hefur ekki í huga að breyta áðurgreindum ákvæðum deiliskipulags í Reykjahlíðarþorpi með því að heimila þar meiri gistirekstur en heimagisting felur í sér, vegna neikvæðra áhrifa sem slíkt gæti haft á framboð íbúðarhúsnæðis til heilsársbúsetu, líkt og segir í bókun sveitarstjórnar.

Nýja löggjöfin um heimagistingu tók gildi í byrjun þessa árs. Í lögnum eru skýrð betur mörkin milli gististarfsemi í atvinnuskyni og

tímabundinnar leigu af hálfu einstaklinga gegnum deilihagkerfið. Með nýrri löggjöf um heimagistingu verður einstaklingum heimilt að leigja út heimili sitt og aðra fasteign sem hann/hún hefur til persónulegra nota í allt að 90 daga á ári án þess að þurfa að sækja um rekstrarleyfi.

Hvað varðar þá aðila sem eru í dag skráðir með rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I, heimagisting, þá munu þeir halda leyfi sínu út gildistíma þess. Að loknum gildistíma þarf að sækja um nýtt leyfi og þá mögulega í flokki II ef rekstur uppfyllir ekki lengur skilyrði flokks I um tímalengd.



Boðið upp á frístund í Reykjahlíðarskóla á næsta skólaári

Tillaga um skipulagt frístundastarf í Reykjahlíðarskóla var send til umsagnar hjá foreldrum/forráðamönnum í 1.-6. bekk fyrir skömmu. Alls bárust umsagnir frá tíu forráðamönnum, flestar jákvæðar. Í umsögnunum var til viðbótar fyrri hugmyndum lögð áhersla á að veitt yrði aðstoð við heimanám.

Skólanefnd lagði til við sveitarstjórn að tillagan um frístundastarf verði samþykkt til reynslu. Í þeim tilfellum þar sem nemendur eru ekki skráðir í frístund stendur skólaakstur til boða að loknum skóladegi. Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu um frístundastarf í Reykjahlíðarskóla til reynslu næsta skólaár og

verður það gjaldfrjálst. Hins vegar þarf að skrá nemendur í starfið fyrir alla önnina.



Alþjóðleg eldfjallarannsóknamiðstöð í Kröflu

Undirbúningur er hafinn að stofnun alþjóðlegrar eldfjallarannsóknamiðstöðvar við Kröflu að því er segir í Morgunblaðinu. Tilgangurinn er að auka skilning á jarðskorpunni, eldgosum og nýtingu jarðvarma. Vísindamenn telja að Krafla sé besti staðurinn í heiminum til að bora niður á bergkviku.

Verkefnið er kallað „*Krafla Magma Testbed*“ (KMT). Sérfræðingar frá 27 rannsóknarstofnunum, háskólum og fyrirtækjum á Íslandi, í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Stóra-Bretlandi, Þýskalandi, Írlandi, Kanada og Frakklandi vinna að undirbúningnum. Þeirra á meðal eru sumir af færustu vísindamönnum heimsins á sviði eldfjallavísinda. Þeir hafa lagst á eitt um að safna allt að 100 milljónum dollara, 11 milljörðum króna, til að koma rannsóknamiðstöðinni á fót.

Breyting á gjaldskrá hunda- og kattahalds
Sveitarstjórn hefur gert breytingu á gjaldskrá hunda- og kattahalds og lækkað skráningagjald all verulega.
Skráningargjald fyrir hund er kr 2.848,-

Skráningargjald fyrir kött er kr. 2.848,-
Innifalið í leyfisgjaldi er númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.
Líkt og segir í 8. gr. í samþykkt sveitarfélagsins um hunda- og kattahald nr. 22/2017 eru nytjahundar, þ.e. hundar sem menn þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar og hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum undanþegnir þessu gjaldi.
Samkvæmt 3. gr. í samþykktinni skulu leyfishafar árlega, á tímabilinu október til nóvember, á eigin kostnað færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni í samræmi við ákvæði XV. kafla reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti. Leyfishafar skulu fyrir árslok ár hvert framvísa á skrifstofu hreppsins kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði frá dýralækni um hreinsun og skoðun hunds. Geri leyfishafi það ekki er sveitarfélaginu heimilt að innheimta nýtt skráningagjald.



Teljari settur upp í vísinda- og þjónustuskyni í Dimmuborgum
Settur var upp teljari í Dimmuborgum í Mývatnssveit í vikunni. Hann telur alla þá sem ganga inn um aðalhlíðið niður í borgirnar. Fyrir var teljari sem telur bíla sem koma í Dimmuborgir. Frá þessu er greint á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Mælirinn er færnanlegur og er ætlað að gefa upplýsingar um fjölda fólks á friðlýstum svæðum á vegum Umhverfisstofnunar. Byrjað er í Dimmuborgum en svo fer mælirinn á flakk. „Upplýsingarnar nýtast til að sjá hvenær fólk er flest í Dimmuborgum. Við getum nýtt þær upplýsingar til að ákvarða hvenær við viljum hafa landvörð á svæðinu, hvenær við viljum bjóða upp á fræðslugöngur til að ná til sem flestra og ekki síst mun koma í ljós hvenær mannfjöldaálag fer að valda neikvæðum áhrifum á náttúrufar, t.d. ef gróðurþekja við stígana fer að rofna,“ segir Davíð Örvar Hansen á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samkvæmt mælingum lögðu yfir 350.000 manns leið sína í Dimmuborgir á síðasta ári.

Páskahlaup fjölskyldunnar

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps heldur Páskahlaup laugardaginn 15. apríl kl.11.00. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem þátttakendum gefst kostur á að leita að páskaeggjum sem hafa verið falin víðsvegar á leiðinni.

- Engin tímataka
- Engin fyrirfram ákveðin vegalengd
- Mæld braut upp á 10 km
- Kostar ekki krónu
- Mæting og skráning við ÍMS kl. 10:30

Opnunartími íþróttamiðstöðvar

Íþróttamiðstöðin verður opin sem hér segir um páskana:
Laugardaginn 15. apríl frá kl. 10:00-16:00
Annan í páskum kl. 16:00-19:00. Aðra daga er lokað.

Ýmislegt framundan

Aðalsafnaðarfundur Reykjahlíðarsóknar verður haldinn í Reykjahlíðarkirkju á skírdag kl. 11:00 árdegis.

Aðalsafnaðarfundur Skútustaðasóknar verður haldinn í Skútustaðakirkju miðvikudaginn 26. apríl kl. 20:30.

Aðalfundur kórs Reykjahlíðarkirkju verður miðvikudaginn 19. apríl kl. 17:30 í Helluhrauni 13.

Ýmislegt

Ég hef sótt ýmsa fundi að undanfögnu, m.a. fund hjá Sjálfbærni- og umhverfisráði Norðausturlandi sem haldinn var í Reykjahlíð, aðalfund Mýsköpunar, með ýmsum aðilum vegna fráveitumála og þá tók ég þátt í undirbúningsfundi vegna svæðisskipulagsgerðar um ferðamál á Norðurlandi eystra sem haldinn var á Akureyri. Þá fundaði ég með kennurum Reykjahlíðarskóla vegna svokallaðrar bókunar 1, einnig hef ég setið nefndafundi hjá Skútustaðahreppi og ýmislegt fleira.

Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri